VEGAGERÐIN

# Framkvæmdafréttir 28. tbl. /07



## Auglýsingar útboða

### Upphéraðsvegur (931), Setberg – Ormarsstaðaá 07-063

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu um 5,1 km kafla Upphéraðsvegar (931) á milli Setbergs og Ormarsstaðaár, í Fellum.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskering | 16.400 | $m^3$ |
| Fylling og fláafleygar | 23.700 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 17.600 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 5.600 | $m^3$ |
| Stálröraræsi | 173 | m |
| Stálplöturæsi | 30 | m |
| Vegrið | 280 | m |
| Tvöföld klæðing | 32.400 | $m^2$ |
| Frágangur fláa | 70.600 | $m^2$ |
| Mót sökkla | 141 | $m^2$ |
| Járnalögn í sökkla | 3.394 | kg |
| Steypa í sökkla | 37 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. nóvember 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 20. nóvember 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

*Í þessu blaði er auglýst útboð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar. Í opnu blaðsins er loftmynd sem sýnir gatnamótin nánar. Auglýsingin er á baksíðu blaðsins.*

## Vel heppnaður fundur með verktökum

Vegagerðin hefur haldið ráðgjafarfundi með flutningsaðilum og hefur það gefist vel. Miðvikudaginn 17. október var svo haldinn fyrsti fundur með verktökum sem sýndu fundinum mikinn áhuga með góðri mætingu og fjörugum umræðum.

Ríflega 20 fulltrúar verktaka, stórra og smárra, ræddu um þau mál sem á þeim heitast brenna. Rætt var um eftirlit með verkum, samræmi í útboðum, gæðastjórnunarkerfi og kröfur á hendur verktaka í þeim efnum, öryggismál, hvottveggja er varða öryggi starfsmanna verktakanna og öryggi vegfarenda, og einnig möguleika á hjáleiðum og lokunum öryggisins vegna.

Margt fleira var rætt og augljóst að af þessum fundum má ýmislegt læra og eru þeir án efa góður grundvöllur til að bæta samskiptin sem eru reyndar í góðu lagi. En gott má líka bæta.

Það er Pétur Guðjónsson hjá GCG, Global Consulting Group, sem stýrir þessu starfi rétt eins og samsvarandi fundum með flutningsaðilum.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 28. tbl. 15. árg. nr. 482 5. nóv. 2007**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




## Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk mjög hægt á báðum stöfnum í viku 43. Unnið var við bergþéttingar á báðum stöfnum og voru einungis sprengdir 5 m Siglufjarðarmegin og 3 m Ólafsfjarðarmegin.

Lengd ganga Siglufjarðarmegin er nú um 2.645 m og Ólafsfjarðarmegin um 1.815 m.

Samanlögð lengd ganga er nú um 4.460 m sem er 42,2% af heildarlengd.




*Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 29. okt. 2007. Búið er að sprengja 2.645 m í Siglufirði og 1.815 m í Ólafsfirði.*







*Samtals er búið að sprengja 4.460 m sem er 42,2% af heildarlengd.*

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur | 08 |
| 07-091 Auðsholtsvegur (340), um Syðra Langholt | 07 |
| 07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls | 07 |
| 07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur | 07 |
| 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit | 07 |
| 07-086 Strandavegur (643), Djúpvegur - Drangsnesvegur | 07 |
| 07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit | 07 |
| 07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | 07 |
| 07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 07 |
| 07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá | 07 |
| 07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir | 07 |
| 07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur | 07 |
| 07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur | 07 |
| 07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga | 07 |
| 06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata | 07 |
| 06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 07 |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 07 |
| 07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur | 07 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg | 05.11.07 | 18.12.07 |
| 07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá | 05.11.07 | 20.11.07 |
| 07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói | 29.10.07 | 13.11.07 |
| 06-017 Hringvegur (1) um Hrútafjarðarbotn | 29.10.07 | 13.11.07 |
| 07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur | 15.10.07 | 06.11.07 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes | 08.10.07 | 23.10.07 |
| 07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss | 17.09.07 | 02.10.07 |
| 07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn | 30.07.07 | 14.08.07 |
| 07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96) | 30.07.07 | 14.08.07 |
| 07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður | 30.07.07 | 14.08.07 |
| 07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað | 16.07.07 | 31.07.07 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell *BJ vinnuvélar, Þórshöfn* | 14.08.07 | 01.10.07 |

# Auglýsingar útboða

## Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg 07-037

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut (41) við Arnarnesveg.

Gera skal hringtorg á mislægum gatnamótum á mótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar. Hluti hringtorgsins er gerð tveggja brúa yfir Reykjanesbraut og skal verktaki byggja báðar brýrnar og gera ein undirgöng fyrir gangandi umferð undir Arnarnesveg vestan gatnamótanna.

Leggja skal nýjan veg milli núverandi hringtorgs á Nónhæð og nýja torgsins, gera fjórar af/fráreinar milli Reykjanesbrautar og nýja torgsins auk lagfæringa á Reykjanesbraut. Einnig skal leggja gangstíga ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skering í laus jarðlög | 76.000 | $m^3$ |
| Bergskering | 5.000 | $m^3$ |
| Fyllingarefni úr námum | 61.500 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 11.300 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 2.700 | $m^3$ |
| Regnvatnsræsi | 1.600 | m |
| Tvöfalt malbik | 14.000 | $m^2$ |
| Kantsteinn | 4.750 | m |
| Mótafletir | 4.635 | $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 232.200 | kg |
| Steinsteypa | 2.135 | $m^3$ |
| Stálvirki | 22.000 | kg |
| Eftirspennt járnalögn | 55.000 | kg |
| Stálbogagöng | 30 | m |

Verkinu öllu skal að fullu lokið 10. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. nóvember 2007. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 18. desember 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.




Munið vinnustaðamerkingarnar